

GJALDSKRÁ

**fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald
í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.**

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 1477/2020 um fráveitur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hvern heimæðarstút sem er 6" eða minni 150.000 kr.

Fyrir hvern heimæðarstút sem er stærri en 6" 250.000 kr.

Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni. Óski húseigandi eftir færslu fráveituheimæðar að nýjum tengi-punkti greiðir hann útlagðan kostnað vegna færslunnar.

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar fjárhæðir margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Fráveitugjald skal nema 0,17% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,20% af álagningarstofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>kr.</i>
0-2.000	10.066
2.001-4.000	12.631
4.001-6.000	14.377
6.001-8.000	17.770
8.001-10.000	23.495
Rotþró stærri en 10.000	6.714 fyrir hvern umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 4.005 kr.

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi 9.640 kr. á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er 93.160 kr. fyrir hverja tæmingu og auk þess 640 kr. fyrir hvern ekinn km eða samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms 12. desember 2024 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur

Nr. 1781

18. desember 2024

úr gjaldskrá nr. 1483/2023 fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Stykkishólmi, 18. desember 2024.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2025